

Alþingi
Erindi nr. P 138/1214
komudagur 10.3.2010



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mál nr. 1003005

Reykjavík, 9. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða (strandveiðar). Þskj. 667 - 370 mál.

Við er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þar sem okkur er sent ofangreint lagafrumvarp til umsagnar.

Okkur líst afar illa á það lagafrumvarp sem hér um ræðir og leggjum eindregið til að það verði ekki að lögum. Fyrir því eru margar ástæður og skulu hér nokkrar þeirra nefndar.

Mismunun

Frumvarpið felur í sér mismunun þar sem lagt er til að aflaheimildir séu teknar af skipum sem hafa aflahlutdeild og krókaaflahlutdeild og færðar til svokallaðra strandveiðibáta. Það er kaldhæðnislegt að þeir sem stunda svokallaðar strandveiðar eru í mörgum tilvikum aðilar sem hafa selt þeim sem nú á að skerða þessar sömu aflaheimildir. Aflaheimildir verða teknar af atvinnuútgærdum og sjómönnum og fyrirséð er að þau skip sem verða fyrir barðinu á þessum aðgerðum verða verkefnislaus lengur en ella fyrir vikið og sjómennirnir atvinnulausir. Þær skerðingar sem þessir aðilar verða fyrir vegna strandveiðanna bætast við skerðingar sem þeir hafa orðið að taka á sig á undanförmu til að byggja upp þorsstofninn. Þá hafa margir þeirra þurft að þola skerðingar á aflaheimildum sínum í þorski vegna ýmiskonar annarra aðgerða sem mismuna aðilum, s.s. vegna tilfærslu aflaheimilda til svokallaðra smábáta, byggðakvóta, línuívilnunar og rangra slægingastuðla. Ekki verður betur séð en að hér sé gengið á stjórnarskrárvarinn atvinnurétt þessara aðila með þeim hætti að varði bótaskyldu ríkisins og er áskilinn allur réttur í því sambandi.

Sóun á verðmætum

Strandveiðarnar eru sóun á verðmætum í mörgum skilningi. Mörg hundruð bátar eru gerðir út í skamman tíma til að sækja fisk sem auðveldlega mætti sækja með þeim skipum sem gerð eru út í afla- og krókaafلامarkskerfunum. Í strandveiðunum koma fram flestir ókostir sóknarmarks þar sem keppst er við að veiða sem mest magn á sem skemmstum tíma sem kemur niður á gæðum aflans. Ekki er unnt að skipuleggja

veiðarnar m.t.t. þess að mest verðmæti fáiast fyrir aflann vegna þess að það sem í boði er verður þá einfaldlega veitt af öðrum. Þá er aðstaða til meðferðar afla misjöfn um borð í þeim skipum sem stunda strandveiðar og sá tími og sú veiðislóð sem þeir stunda ekki til þess fallin að skapa mest verðmæti. Reynslan hefur enda sýnt að í mörgum tilvikum eru gæði þess hráefnis sem þau bera að landi ekki sem skyldi.

Öryggi sjómanna stofnað í hættu

Eins og í öðrum sóknarkerfum þá er öryggi sjómanna stofnað í hættu með strandveiðum þar sem hvati er til að róa í verri veðrum en í aflamarksfyrirkomulagi þar ekki er trygging fyrir því að aðrir veiði ekki þann afla sem í boði er ef slakað er á í sókninni.

Hlutdræg skýrsla

Sjávarútvegsráðherra lét vinna skýrslu um strandveiðar síðasta sumars. Það sýnir best trúverðugleika skýrslunnar að ekki var talað við þá sem strandveiðarnar bitna á og þeir spurðir áhlits á þeim. Þá var hvorki lagt mat á tekjutap þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir skerðingu á aflaheimildum vegna strandveiðanna eða tekjutap sveitarfélaga þar sem þær eru stundaðar vegna þess að veiðiheimildir eru teknar af skipum í viðkomandi sveitarfélögum og fluttar til þessa sérstaka flokks skipa. Í engu er metin sú óhagkvæmni fyrir þjóðarþúið sem hlýst af því að að stunda strandveiðar í stað þess að veiða fiskinn á þeim fiskiskipum sem verða fyrir skerðingum vegna þeirra.

Nýliðar


Í tengslum við strandveiðar hafa orðið til margir innihaldslausir frasar og orðskrípi. Meðal þess er svokölluð “nýliðun” og “nýliðar”. Við beinum því til nefndarinnar að hún hugleiði hvað sé eftirsóknarvert við að aðrir aðilar en þeir sem nú stunda fiskveiðar geri það. Hvað er eftirsóknarvert við það að bankaútibússtjóri, starfsmaður váttryggingafélags eða fasteignasali, með fullri virðingu fyrir þeim öllum, stundi frekar fiskveiðar en þeir sem hafa þær að aðalatvinnu?

Afbrot

Fjöldi afbrota við strandveiðar í sumar var eftirtektarverður og hlýtur með öðrn að vekja menn til umhugsunar um það hversu misheppnuð aðgerð strandveiðarnar eru.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson